

Ed.

239. Frumvarp til laga

[121. mál]

um húsnæði fyrir félagsstarfsemi.

Flm.: Jón Kjartansson, Sigurður Ó. Ólafsson, Karl Kristjánsson.

1. gr.

Vinnuveitendasambandi Íslands er heimilt að taka húseign sína við Frikirkjuveg 3 í Reykjavík til nota fyrir félagsstarfsemi sína.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hafa störf Vinnuveitendasambands Íslands aukizt mjög mikið, og má nú segja, að það komi að meira eða minna leyti til kasta þess um alla meiri háttar kaup- og kjarasamninga, sem gerðir eru í landinu. Þröngt og ófullnægjandi leiguhúsnæði, sem Vinnuveitendasambandið býr nú við, hefur hins vegar torvelað alla starfsemi, og hafa samninganefndir tíðum þurft að afla sér húsnæðis hér og þar í bænum vegna þrengsla í húsnæði sambandsins. Við svo búið varð ekki unað, og hóf því Vinnuveitendasamband Íslands að leita fyrir sér um kaup á rýmra húsnæði á þægilegum stað. Sumarið 1956, hinn 10. ágúst, eða nokkru áður en lög in um bann við að breyta íbúðarhúsnæði í skrifstofur gengu í gildi, keypti svo Vinnuveitendasambandið húseignina nr. 3. við Frikirkjuveg hér í bænum. Hús þetta er gamalt timburhús, byggt fyrir meira en hálfri öld, um 100 m² að stærð, kjallari, hæð og ris. Ef samþykki Alþingis fæst, hefur Vinnuveitendasambandið ákveðið að leggja í nokkurn kostnað við breytingar og endurbætur á húsnæði þessu og flytja þangað starfsemi sína í stað þess að rífa það strax, þar sem litlar líkur eru fyrir, að fjárfestingarleyfi fáiast á næstunni til að reisa nýtt hús á lóðinni.

Rétt er að taka fram, að fé því, sem Vinnuveitendasambandið greiddi fyrir téða fasteign, hefur nú þegar verið varið til að reisa tvær stórar íbúðir hér í bænum, sem þegar eru komnar í notkun. Húsnæðið á Frikirkjuveg 3 er hins vegar tæplega íbúðarhæft nema með miklum lagfæringum og tilkostnaði.

Þess skal að lokum getið, að félagsmenn Vinnuveitendasambands Íslands eru á áttunda hundrað, og ætti það, sem sagt hefur verið hér að framan um húsnæðismál sambandsins, að nægja til að sýna, að sambandinu er brýn nauðsyn á að fá heimild þá, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, og að hér er um fullkomið sanngirnismál að ræða.